

53. Fundur bæjarráðs Blönduósþéjar mánudaginn 30. apríl 2012, kl. 17:00.

Formaður bæjarráðs, Kári Kárasón setti fundinn. Arnar Þór Sævarsson, bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

1. Fundargerðir
 - a) BS. um menningu og atvinnumál frá 17. apríl 2012
 - b) Heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra frá 24. apríl 2012
 - c) Stjórnar Menningarráðs Norðurlands vestra frá 27. mars 2012
 - d) Stjórnar Menningarráðs Norðurlands vestra frá 2. apríl 2012
 - e) Aðalfundar Veiðifélags Laxár á Ásum frá 31. mars 2012
 2. Beiðni um skólavist utan lögheimilissveitarfélag
 3. Lóðaúthlutun
 4. Bréf frá Lánasjóði sveitarfélaga frá 11. apríl 2012
 5. Bréf frá Guðjóni E. Ólafssyni, fræðslustjóra frá 24. apríl 2012
 6. Bréf frá Sýslumanninum á Blönduósi frá 16. apríl 2012
 7. Bréf frá Sýslumanninum á Blönduósi frá 4. apríl 2012
 8. Bréf frá Óbyggðanefnd frá 30. mars 2012
 9. Bréf frá Þjóðskrá Íslands frá 3. apríl 2012
 10. Aðalfundarboð Veiðifélags Laxár í Skefilsstaðahreppi frá 23. maí 2012
 11. Önnur mál
-

Afgreiðslur:

1. Fundargerðir
 - a) BS. um menningu og atvinnumál frá 17. apríl 2012
Lögð fram til kynningar
 - b) Heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra frá 24. apríl 2012
*Í c-lið fundargerðar virðist hafa orðið mistök þar sem útgefið leyfi rennur út samdægurs. Leiðréttinga er vænst. Sömu mistök hafa átt sér stað í f-lið fundargerðar.
*Lögð fram til kynningar**
 - c) Stjórnar Menningarráðs Norðurlands vestra frá 27. mars 2012
Lögð fram til kynningar
 - d) Stjórnar Menningarráðs Norðurlands vestra frá 2. apríl 2012

Lögð fram til kynningar

e) Aðalfundar Veiðifélags Laxár á Ásum frá 31. mars 2012

Lögð fram til kynningar

2. Beiðni um skólavist utan lögheimilissveitarfélag

Fært í trúnaðarbók.

Bæjarstjóra falið að svara erindinu.

3. Lóðaúthlutun

a) Lóð við Norðurlandsveg vestan við athafnasvæði Olís

Bæjarráð samþykkir að úthluta 2750 fermetra lóð vestan við athafnasvæði Olís til Mýrarbrautar 23 ehf.

b) Brautarhvammur 30

Bæjarráð samþykkir að úthluta lóðinni Brautarhvammi 30 til Blöndu ehf.

Zophonías Ari vék af fundinum undir þessum lið.

c) Dælustöð Rarik við Flúðabakka

Bæjarráð samþykkir að úthluta lóð undir dælustöð við Flúðabakka til Rarik ohf.

4. Bréf frá Lánasjóði sveitarfélaga frá 11. apríl 2012

Á aðalfundi lánasjóðsins þann 23. mars sl. var samþykkt að greiða út arð til hluthafa vegna góðrar afkomu ársins 2011. Þann 16. apríl greiddi sjóðurinn að greiða út arð sem nemur 475.500.000 kr. sem skiptist niður á hluthafa sjóðsins. Hlutur Blönduósbæjar er 1,466% og arðgreiðsla nemur því 6.970.830 kr.

5. Bréf frá Guðjóni E. Ólafssyni, fræðslustjóra frá 24. apríl 2012

Félag stjórnenda fræðslumála grunn-og leikskóla á Íslandi óska eftir að Blönduósbær styrki ráðstefnu sem haldin verður á Blönduósi daganna 23. til 25. maí.

Bæjarráð samþykkir erindið.

6. Bréf frá Sýslumanninum á Blönduósi frá 16. apríl 2012

Sýslumaðurinn á Blönduósi óskar eftir umsögn Blönduósbæjar um umsókn Jónasar Skaftason, kt. 260241-7969, Blöndubýggð 9, 540 Blönduósi, f.h. Ækis ehf. ,um leyfi til að reka gististað í flokki II að Blöndubýggð 9, 540 Blönduósi. Með vísan til 4. mgr. 1. tl. 10. gr. laga um veitingastaði, gistiheimili og skemmtanahald, þar sem sveitarstjórn er falið að veita umsögn um

afgreiðslutíma og staðsetningu staðar sem umsókn lýtur að sé innan þeirra marka sem reglur og skipulag sveitarfélagsins segja til um, veitir bæjarráð jákvæða umsögn.

7. Bréf frá Sýslumanninum á Blönduósi frá 4. apríl 2012

Sýslumaðurinn á Blönduósi óskar eftir umsögn Blönduósbæjar um umsókn Lárusar B. Jónssonar, kt. 120353-5009, f.h. Blöndu ehf. kt. 520308-0400, um leyfi til að reka sumarhús í flokki II yfir gististaði. Með vísan til 4. mgr. 1. tl. 10. gr. laga um veitingastaði, gistiheimili og skemmtanahald, þar sem sveitarstjórn er falið að veita umsögn um afgreiðslutíma og staðsetningu staðar sem umsókn lýtur að sé innan þeirra marka sem reglur og skipulag sveitarfélagsins segja til um, veitir bæjarráð jákvæða umsögn.

Zohonías Ari vék af fundi undir þessum lið.

8. Bréf frá Óbyggðanefnd frá 30. mars 2012

Óbyggðanefnd hefur orðið við beiðni fjármálaráðherra um framlengdan frest til 30. júní n.k. til að lýsa þjóðlendukröfum á svokölluðu svæði 8A hjá óbyggðanefnd.

Lagt fram til kynningar.

9. Bréf frá Þjóðskrá Íslands frá 3. apríl 2012

Með auglýsingu á vef forsætisráðuneytisins þann 20. mars 2012 hefur verið ákveðið að kjör forseta Íslands skuli fara fram laugardaginn 30. júní 2012. Samkvæmt 22. gr. laga nr. 24/2000, um kosningar til Alþingis skulu sveitarstjórnir gera kjörskrár á grundvelli kjörskrárstofna sem Þjóðskrá Íslands lætur þeim í té. Þann 14. júní mun Þjóðskrá Íslands senda sveitarfélögum kjörskrána í 3 eintökum eins og vant er í samræmi við 24. gr. kosningalaga, nema um óskir um annað berist.

Lagt fram til kynningar.

10. Aðalfundarboð Veiðifélags Laxár í Skefilsstaðahreppi frá 23. maí 2012

Aðalfundur Veiðifélags Laxár í Skefilsstaðahreppi, verður haldinn laugardaginn 5. maí kl. 14:00 í Félagsheimilinu Ljósheimum.

Bæjarráð samþykkir að Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson fari með atkvæði Blönduósbæjar.

11. Önnur mál

Jónas Skaftason ásamt Ívari Snorra Halldórssyni mættu á fundinn. Jónas Skaftason gerði grein fyrir afstöðu sinni varðandi kröfur þær sem gerðar eru vegna útgáfu leyfis fyrir Ljón Norðursins.

Fundargerð upplestin og samþykkt.

Fundi slitið 18:30

*Kári Kárason (sign.)
Zophonías Ari Lárusson (sign.)
Hörður Ríkharðsson (sign.)*

Arnar Þór Sævarsson (sign.)